

Colas Ísland hf.
Gulhelli 1
221 Hafnarfjörður

Reykjavík, 18. október
2022UST202202-383/G.S.O.
08.06.02

Efni: Málslok

Umhverfisstofnun vísar í bréf dags. 20. júní 2022 þar sem stofnunin óskaði eftir tímasettri úrbótaáætlun vegna frávikna er fram komu í eftirliti í malbikunarstöð Colas Ísland hf. Amomatic á Akureyri þann 5. apríl 2022.

Frávikin voru eftirfarandi:

1. Samkvæmt greinum 1.2 og 3.11 í starfsleyfi skal senda Umhverfisstofnun stöðuleyfi eða skriflega yfirlýsingu landeiganda og sveitarfélags um að staðsetning stöðvarinnar sé ásættanleg. **Skriflegt samþykki frá Akureyrarbæ barst stofnuninni 6. október.**
2. Samkvæmt grein 4.5 í starfsleyfi skal senda Umhverfisstofnun ársyfirlit byggt á samantekt á skráningum og mælingum í stöðinni. Ársyfirlit skal berast fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. Ársyfirlit vegna 2020 og 2021 hafa ekki borist stofnuninni. **Ársyfirlitin bárust stofnunni 6. október. sl.**

Umhverfisstofnun hafa borist fullnægjandi upplýsingar um úrbætur og telst frávikunum lokið. Aðstæður verða skoðaðar í næsta eftirliti.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst,

Gottskálf Friðgeirsson,
sérfræðingur

Gunnhildur Sif Oddsdóttir,
lögfræðingur